

Mánudaginn 20. desember 1976.

Nr. 15/1974. Guðbjartur Kristinsson fyrir sjálfan sig
og vegna ófjárráða barna sinna, Guðbjargar,
Hafþórs, Kristins og Jóhönnu,
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Sigurbergi Baldurssyni
Friðbergi Þór Leóssyni og
Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 17. janúar 1974. Krefjast þeir þess, að stefndu verði dæmt að greiða þeim óskipt samtals 4.813.663 krónur með 7% ársvöxtum frá 3. júlí 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 2. maí 1974.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Með úrskurði Hæstaréttar 10. júní 1975 var málið sent til umsagnar Læknaráðs. Í úrskurðinum er rakinn framburður stefnda Friðbergs Þórs um áfengisneyslu hans 2. og 3. júlí 1971, greint frá vottorði Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens um magn „reducerandi“ efna í blóði hans og vottorði Rannsóknarstofu í lyfjafræði frá 12. nóvember 1969 um bruna vínanda í mannslíkama. Var óskað umsagnar Læknaráðs um eftirtalin atriði:

- „1. Fellst Læknaráð á framangreint vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði? Ef ekki, hvert er álit Læknaráðs á sama efni?
2. Hve mikið magn „reducerandi“ efna má ætla, að verið hafi í blóði Friðbergs Þórs Leóssonar, er hann hóf akstur bifreiðarinnar Ö 1470 á Blönduósi um kl. 0030 hinn 3. júlí 1971?
3. Telur Læknaráð, að skýrslur Friðbergs Þórs Leóssonar um áfengisneyslu hans samrýmist niðurstöðu blóðrannsóknarinnar?“.

Læknaráð afgreiddi málið 20. nóvember 1975 með svohljóðandi ályktun:

„Ad 1: Já, að því tilskildu, að í 3. lið vottorðsins sé átt við jafn þungan mann og um er að ræða í 2. lið.

Ad 2: Þar eð ekki liggja fyrir upplýsingar um þyngd Friðbergs Þórs Leóssonar, verður ekki áætlað, hve mikið magn „reducerandi“ efna hafi verið í blóði hans á umræddum tíma.

Ad 3: Ekki er unnt að svara þessari spurningu af sömu ástæðu og greinir í svari við 2. spurningu“.

Samkvæmt vottorði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 9. febrúar 1976 er vinandamagn í áfengistegundinni Dubonnet 18%.

Stefndi Friðbergur Þór hefur lýst yfir því 11. febrúar 1976, að hann telji, að hinn 3. júlí 1971 hafi líkamsþyngd sín án klæða verið 71—72 kg. Þá hefur Gunnar Ingi Gunnarsson héraðslæknir skoðað, mælt og vegið stefnda Friðberg Þór. Segir svo í vottorði læknisins frá 11. febrúar 1976:

- „1) Þyngd án klæða 11/2 1976 74,6 kg.
- 2) Líkamshæð 11/2 1976 169 cm.
- 3) Mesta ummál brjóstkaða í hvíldarstöðu 98 cm. (11/2 '76).
- 4) Friðbergur er nokkuð stórbeinóttur, meðalmaður á hæð með eðlilegt holdafar, vöðvastæltur og samsvarar sér vel.
- 5) Varðandi yfirlýsingu Friðbergs um líkamsþyngd sína

hinn 3. júlí 1971 þá getur hún vel staðist miðað við aldur og núverandi líkamsbyggingu hans“.

Að fengnum þessum gögnum var málið sent Læknaráði til umsagnar að nýju með bréfi Hæstaréttar 9. mars 1976 og óskað endurskoðunar fyrri álitssgerðar með hliðsjón af hinum nýju gögnum. Læknaráð afgreiddi málið með svohljóðandi ályktun 27. september 1976:

„Ad 1: Læknaráð fellst á vottorð Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði að því tilskildu, að átt sé við karlmann, sem er 70 kg að þyngd.

Ad 2: 1.29‰, sé miðað við 72 kg. líkamspunga og niðurstöðu blóðrannsóknarinnar. Rétt er að minna á, að hér er um meðalútreikninga að ræða, en einstaklingsfrávik frá þeim gætu verið nokkur.

Ad 3: Nei. Miðað við vottorð Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði og 72 kg líkamspunga má ætla, að Friðbergur hafi neytt á umgetnu tímabili sem næst 80 g af alkóhóli, en það mundi svara til nánast 440 ml af Dubonnet, sbr. einnig athugasemd við úreikninga varðandi lið 2“.

Þá hafa verið lagðar fram áætlanir Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings frá 2. og 16. maí 1975 svo og 1. nóvember 1976 um tjón áfrýjenda af slysinu. Enn fremur vottorð Tryggingastofnunar ríkisins frá 25. október 1976 um greiðslu barnalífeyris, feðralauna og ekkilsbóta frá þeirri stofnun.

Atvikum slyss þess, sem um er fjallað í málinu, er lýst í hinum áfrýjaða dómi og raktar skýrslur þær, sem fram hafa komið um áfengisneyslu þeirra Friðbergs Þórs og Þóru heitinnar í umrætt sinn. Lík Þóru var ekki krufið.

Eins og greinir í héraðsdómi, halda áfrýjendur því fram, að bifreiðin Ö 1470 hafi verið búin óhæfum hjólbörðum, en telja verður, að þetta sé ósannað. Að öðru leyti halda þeir því ekki fram fyrir Hæstarétti, að slysið verði rakið til bilunar eða galla á bifreiðinni.

Sannað þykir, að slysið hafi orðið vegna óvarlegs aksturs stefnda Friðbergs Þórs. Hann hefur viðurkennt að hafa neytt

áfengis öðru hverju í bifreiðinni á leiðinni frá Bifröst til Blönduóss. Verður að telja fullvist, að Þóra heitin, sem sat við hlið hans í bifreiðinni, hafi fylgst með drykkju hans og að hún hafi að einhverju marki tekið þátt í áfengisneyslunni með honum. Þegar þessa er gætt og hafðar í huga framan-greindar niðurstöður Læknaráðs um magn „reducerandi“ efna í blóði stefnda Friðbergs Þórs svo og um áfengismagn, sem líklegt megi telja, að hann hafi neytt, verður að líta svo á, að Þóru heitinni hafi hlotið að vera ljóst, að ófært væri, að stefndi Friðbergur Þór tæki við stjórn bifreiðarinnar á Blönduósi. Þar sem hún þrátt fyrir þetta hélt áfram ferð í bifreiðinni, eftir að hann tók við stjórn hennar, tók hún á sig áhættu, er veldur því, að áfrýjendur geta eigi krafist skaðabóta úr hendi stefnda Friðbergs Þórs, sbr. dómasafn Hæstaréttar 1969, bls. 180.

Eigi er fullljóst, hvort stefndi Sigurbergur varð eða átti að verða var við áfengisneyslu stefnda Friðbergs Þórs, en hvað sem því líður, þykja áfrýjendur ekki eiga rétt til skaðabóta úr hans hendi vegna fráfalls Þóru heitinnar af sömu ástæðum og greinir um stefnda Friðberg Þór. Þykir málflutningur af hendi stefnda Sigurbergs ekki því til fyrirstöðu, að málið verði dæmt á þessum grundvelli að því er hann varðar.

Af framansögðu leiðir, að áfrýjendur geta eigi krafist stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um bætur samkvæmt ákvæði 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, sem ákveðast 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun

skipaðs talsmanns áfrýjenda, Vilhjálms Þórhallsonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 18. október 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. september 1973, hefur Guðbjartur Kristinsson, Tjarnargötu 2, Keflavík, fyrir sjálfan sig og fyrir hönd ófjárráða barna sinna, Guðbjargar, Hafþórs, Kristins og Jóhönnu, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. og 16. desember 1972, gegn Sigurbergi Baldurssyni, þá til heimilis Tjarnargötu 4, Keflavík, en nú Seljavegi 33, Reykjavík, Friðbergi Þór Leóssyni, þá til heimilis Tjarnargötu 4, Keflavík, en nú Seljavegi 33, Reykjavík, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík.

Stefnanda var með bréfum dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. október 1972 og 13. september 1973, veitt gjafsókn að ákveðnu marki í máli þessu.

Endanleg krafa stefnanda er, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 4.813.663 auk 7% ársvaxta frá 3. júlí 1971 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Aðalkrafa stefndu er, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Varakrafa stefndu er, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkðar.

Stefndu gera kröfu um málskostnað sér til handa, hver sem úrslit málsins kunna að verða.

Málavextir.

Föstudaginn 2. júlí 1971 tók Þóra G. Kristjánsdóttir, eiginkona stefnanda, sér far með bifreiðinni Ö 1470, sem var Ford Cortina, árgerð 1971. Stefndu Sigurbergur Baldursson, skrásettur eigandi bifreiðarinnar, og Friðbergur Þór Leósson skiptust á að aka bifreiðinni. Ferðinni var heitið á Þórshöfn á Langanesi, og var lagt af stað frá Keflavík um klukkan 1600 þann 2. júlí 1971. Í bifreiðinni voru auk framantaldra eiginkona stefnda Sigurbergs, Lára Leósdóttir, og tvö börn þeirra Sigurbergs og Láru, Steinunn Anna, 9 mánaða, og Ástvaldur Leó, 2ja ára. Stefndi Friðbergur ók bifreiðinni frá Keflavík að Bifröst í Borgarfirði, en þar tók stefndi Sigurbergur við akstri hennar. Á leiðinni frá Keflavík að Bifröst var komið við á bifreiðaverkstæði Kr. Kristjánssonar í Reykjavík

og talað þar við verkstjóra á verkstæðinu vegna bilunar á öryggislið, en bilunin hafði lýst sér þannig, að högg heyrðust, er ekið var í holum. Ekki reyndist unnt að bæta úr biluninni, en verkstjóri á staðnum sagði, að hættulaust væri að aka bifreiðinni í þessu ástandi. Við Bifröst í Borgarfirði tekur Sigurbergur við stjórn bifreiðarinnar. Áður en lagt var í ferð þessa, hafði verið keypt eftirtalið áfengi í Keflavík: 3 flöskur af whisky, 4 flöskur vodka, 1 flaska af líkjör og 1 flaska af Dubonnet. Hafði áfengið verið sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar, nema Dubonnet flaskan, sem var geymd í farþegarými bifreiðarinnar. Eftir að Sigurbergur tók við stjórn bifreiðarinnar, hóf stefndi Friðbergur að eigin sögn að neyta áfengisins úr framangreindri Dubonnet flösku. Kvaðst hann hafa drukkið um $\frac{1}{4}$ úr flöskunni á leiðinni frá Bifröst í Borgarfirði að Blönduósi. Hann sat í aftursæti bifreiðarinnar þessa leið og Þóra G. Kristjánsdóttir við hlið hans. Kvað hann Þóru hafa drukkið með sér úr flöskunni og kvaðst álíta, að henni hafi verið það fullkunnugt, að hann neytti áfengis, „þar sem þau hafi setið hlið við hlið og látið flöskuna ganga á milli sín“. Á Blönduósi tók Friðbergur aftur við stjórn bifreiðarinnar og ók sem leið liggur norður þjóðveginn, þar til komið var í Vatnsskarð. Á leiðinni niður Vatnsskarð að norðanverðu varð harður árekstur með bifreiðinni Ö 1470 og leigubifreiðinni R 1304. Um aðdraganda árekstrarins sagði stefndi Friðbergur, að hann hefði séð ljós bifreiðar mótaðilja síns í um það bil $\frac{1}{2}$ km fjarlægð og taldi sig þá hafa verið á um það bil 60 km hraða miðað við klukkustund. Þegar um 200—300 metrar voru á milli bifreiðanna, kvaðst hann hafa séð bifreið mótaðilja síns, sem hafi vikið vel út á sinn vegarhelming. Friðbergur kvaðst þá hafa ætlað að víkja sinni bifreið til hægri, en hún þá ekki látið að stjórn og haldið beinni stefnu, þó hann sneri stýrishjólinu alveg út í borð til hægri. Kvað hann þá hafa verið stutt á milli bifreiðanna og hann þá hemlað, en bifreiðin runnið stjórnlaus í hemlum, þar til árekstur varð. Um aðdraganda slyssins sagði William Sigurjón Tracy, bifreiðarstjóri á R 1304, m. a. eftirfarandi:

„Er ég var á leið upp brekkuna, sem er skammt fyrir norðan slysstaðinn, var ég á svo hægri ferð, að ég skipti bílnum niður í annan gír, og fannst mér ég sjá ljós framundan. Þá fór ég eins vel út í hægri kantinn og ég gat og fylgdi honum upp brekkuna. Þegar ég kom upp á hæðina framundan, sá ég bíl koma á móti. Hann var með fullum ljósum. Þá tel ég, að ég hafi verið á 20 til 30 km hraða. Er ég sá bílljósin fyrst, fannst mér talsvert bil vera

í bílinn, en ljósin nálgudust hratt, og ég varð greinilega var við, að ljósin fóru að flökta til, og allt í einu stefndu ljósin beint á mig. Ég held, að ég hafi þá hemlað og sett höndina fyrir höfuðið, og í því skeði áreksturinn, sem var mjög harður“.

Áreksturinn var geysiharður og hafði þær afleiðingar í för með sér, að Þóra, sem sat í framsæti Ö 1470 hægra megin, og Steinunn Anna, sem hún hélt á, létust svo til samstundis, og ökumenn og aðrir farþegar slösuðust, og bifreiðarnar eyðilögðust.

Í vottorði Sigursteins Magnússonar héraðslæknis segir m. a. um afdrif Þóru: „Þegar við lækarnir komum á staðinn, var Þóra Guðrún Kristjánsdóttir, f. 8. 9. 1939, Heiðargerði 23 (sic), Keflavík, látin. Hlaut hún höfuðkúpubrot og sem afleiðingu af því mikla blæðingu inn á heilann, sem mun hafa leitt hana til dauða“.

Farþegar og ökumenn hafa gefið skýrslur fyrir lögreglu og sakadómi vegna sakamáls þess, er höfðað var gegn stefnda Friðbergi Þór Leóssyni vegna slyss þessa, og þykir rétt að rekja framburð þeirra hér að nokkru.

Stefndi Friðbergur kom fyrir lögreglu 12. ágúst 1971 og sagði m. a.: „Í greint sinn var ég að aka áleiðis til Þórshafnar á Langanesi. Lagði ég af stað frá Keflavík um kl. 16:30 ásamt fólki því, sem tilgreint er í lögregluskýrslu. Ég ók bifreiðinni frá Keflavík að Bifröst í Borgarfirði, en þar tók Sigurbergur við stjórn bifreiðarinnar. Ég kom á verkstæði Kr. Kristjánssonar í Reykjavík á leiðinni og hafði þar tal af verkstjóranum vegna bilunar á einhverjum öryggislið, sem mun vera á stýrisleggnum, en bilunin lýsti sér þannig, að þegar ekið var í holum, fundust högg upp í stýrishjólið. Í ljós kom, þegar ég talaði þarna við verkstjóran, að liður þessi fékkst ekki, og sagði verkstjórinn, að hættulaust mundi vera að aka bifreiðinni í þessu ástandi. Aðspurður segir mætti, að sér hafi fundist bifreiðin láta eðlilega að stjórn á leiðinni norður, eða þar til rétt um leið og slysið varð. Fyrirhugaður áfangastaður á ferð þessari var Þórshöfn á Langanesi. Þegar slysið varð, var ég kominn yfir Vatnsskarðið og var að fara niður af því að norðan.

Ég hafði aftur tekið við stjórn bifreiðarinnar rétt við Blönduós, en Sigurbergur ók þangað frá Bifröst.

Ég vissi af mótaðila, nokkuð löngu áður en slysið varð, því ég sá ljósin á bifreið hans u. þ. b. $\frac{1}{2}$ km burtu. Ég hafði bifreið mína í þriðja ganghraðastigi, og mun ökuhraðinn þá hafa verið um 60 km m/v klst.

Ég tel, að það hafi verið milli 2—3 hundruð metrar á milli bifreiðanna, þegar ég sá fyrst bifreið mótaðila, og virtist mér hann víkja greinilega vel yfir á sinn vegarhelming. Þegar ég svo ætlaði að víkja bifreið minni til hægri, virtist mér bifreiðin ekki láta að stjórn. Sneri ég þá stýrishjólinu alveg út í borð til hægri, en bifreiðin hélt samt sem áður beinni stefnu. Þegar hér var komið, var lítið bil á milli bifreiðanna, hemlaði ég þá eins og hægt var, og bifreiðin rann stjórnlaust í hemlun, þar til árekstur varð. Áreksturinn mun hafa verið geysiharður, og man ég ekki frekar eftir atburðum fyrr en á hádegi daginn eftir.

Aðspurður um yfirborð vegar segir mætti, að vegurinn hafi verið nýlega heflaður, vegurinn sléttur, en talsverð laus mól í honum. Mætti segir, að þarna hafi vegurinn verið breiður og vel hægt að mæta bifreið þarna án nokkurra sérstakra varúðarráðstafana umfram það, sem eðlilegt er.

Aðspurður um áfengisneyslu sína, segir mætti, að hann hafi verslað í Á.T.V.R. í Keflavík, eftirtalið áfengi: 3 fl. whisky, 4 fl. vodka 45%, 1 fl. líkjör og 1 fl. Dubonnet. Áfengið var allt látið á farangursgeymsluna, nema Dubonnet flaskan, sem var geymd inni í bifreiðinni. Kveðst mætti fyrst hafa drukkið úr greindri flösku, skömmu eftir að Sigurbergur tók við akstri við Bifröst um kl. 22:00, og þá segist mætti hafa setið aftur í bifreiðinni og drukkið einn sopa úr flöskunni, sem var óblandað, 2. sopa kveðst mætti hafa drukkið nálægt Fornahvammi, 3. á Holtavörðuheiði að sunnanverðu, 4. sopann þegar ½ klst. akstur var eftir að Blönduósi, 5. og síðasta sopann kveðst mætti hafa drukkið við „sjoppu“ rétt sunnan við Blönduós. Aðspurður kveðst mætti í öll skiptin hafa tekið sopa af flöskunni og telur, að hann hafi drukkið sjálfur á þessu tímabili frá kl. 22:00 til kl. 00:30 um það bil ¼ úr flöskunni, en farþegi, Þóra heitin Kristjánsdóttir, hafi einnig drukkið úr flösku þessari ásamt mætta. Aðspurður kveðst mætti ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við framangreinda áfengisneyslu né heldur við aksturinn. Kveðst hann hafa sofið a. m. k. 8 klst. nóttina fyrir slysið. Aðspurður segir mætti, að farþeginn í framsæti hafi verið vakandi, þegar slysið varð, en telur, að farþegarnir í aftursæti hafi allir verið sofandi. Mætti segir aðspurður, að öryggisbelti hafi verið í bifreiðinni, en þau hafi ekki verið notuð í greint sinn. Mætta er nú sýnd teikning af vettvangi, og telur hann hana vera rétta. Einnig er mætta lesin skýrsla lögreglu, og telur hann þar rétt frá öllu skýrt, eftir því sem hann

veit best. Aðspurður um áfengisneyslu Sigurbergs segir mætti, að Sigurbergur hafi verið allsgáður og að hann muni yfirleitt ekki neyta áfengis“.

Skýrslu þessa staðfesti Friðbergur fyrir sakadómi sama dag og kvaðst þá, ítrekað aðspurður, ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvað útilokað, að hann hefði sofnað við aksturinn, þar sem hann myndi, að hann hefði verið að tala við Þóru heitina, þar til rétt áður en hann sá ljósin á R 1304 koma upp fyrir hæð þar skammt frá. Hann hélt fast við þá fullyrðingu sína, að bifreiðin Ö 1470 hafi ekki látið að stjórn og þess vegna hefði hún sveigt skyndilega inn á veginn, eins og uppdráttur á lögregluskýrslu ber með sér.

Þessa skýrslu hefur stefndi Friðbergur einnig staðfest fyrir bæjarþingi Keflavíkur 27. september 1973. Hann sagði þá nánar aðspurður, að Þóra heitin hefði setið við hlið sér í aftursæti bifreiðarinnar, þegar stefndi Sigurbergur ók, það er frá Bifröst að Blönduósi. Hann sagði, að Þóra hefði drukkið með honum úr Dubonnet flöskunni og drukkið álika mikið og hann. Hann kvaðst álíta, að henni hefði verið það fullkunnugt, að hann neytti áfengis, þar sem þau hefðu setið hlið við hlið og látið flöskuna ganga á milli sín.

Stefndi Sigurbergur gaf skýrslu fyrir lögreglu þann 11. ágúst 1971 og skýrði m. a. svo frá:

„Við lögðum af stað frá Keflavík síðdegis föstudaginn 2. júlí og komum við á verkstæðinu Kr. Kristjánsson, en komið hafði í ljós, að einhver öryggisliður í stýrinu var bilaður, þannig að þegar ekið var í holum, fundust högg upp í stýrishjólið. Friðbergur hafði þarna samband við verkstjóran, sem mun hafa tjáð honum, að greindur liður hefði ekki verið til, en í lagi myndi vera að fara á bifreiðinni í þessa fyrirhuguðu ferð, án þess að nokkur hættu væri á ferðum í sambandi við lið þennan. Eftir þessa viðkomu á verkstæðinu var ekið rakiðis áleiðis norður. Ég ók bifreiðinni hluta af leiðinni, mig minnir, að ég hafi tekið við akstri í Borgarfirði á norðurleið, en Friðbergur mun hafa ekið frá Keflavík. Ég man, að Friðbergur tók við akstri á Blönduósi, og ók hann bifreiðinni, þegar slysið varð“.

Aðspurður kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt við stýrisbúnað bifreiðarinnar, annað en það, sem sagt er um öryggisliðinn hér að ofan, og sagði, að sér hefði virst bifreiðin láta eðlilega að stjórn allan tímann, á meðan hann ók. Aðspurður um áfengisneyslu Friðbergs sagði hann, að hann hefði aldrei séð Frið-

berg neyta áfengis á leiðinni, en sagði, að ein áfengisflaska hefði verið inni í bifreiðinni, en annað áfengi hefði verið í farangursgeymslunni. Hann kvaðst fyrst hafa séð Friðberg um klukkan 1300 föstudaginn 2. júlí, þegar lagt var upp í greinda ferð, og sagðist ekki hafa séð á honum nein merki um áfengisneyslu, en sagði þó, að hann hefði ekki gefið því sérstaklega gætur. Aðspurður um ökuhraða og ökulag Friðbergs sagði hann, að sér hefði þótt hvort tveggja vera eðlilegt. Hann kvaðst hafa sofnað, eftir að Friðbergur tók við akstri við Blönduós, og kvaðst hann hafa verið sofandi, þegar slysið varð. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt og sagðist ekkert muna um áreksturinn eða aðdraganda hans.

Sigurbergur kom sem vitni fyrir sakadóm 13. ágúst 1971 og staðfesti framangreinda skýrslu fyrir lögreglu. Frekari skýrsla var þá tekin af Sigurbergi fyrir dómnum, og var hann nánar aðspurður um áfengisneyslu Friðbergs og sagði, að Dubonnet flaskan hefði verið sett inn í bifreiðina að beiðni Friðbergs, og kvaðst hann hafa sagt við Friðberg, að ekki kæmi til greina, að hann fengi sér úr flöskunni. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa mótmælt því, að flaskan væri sett inn í bifreiðina, þar sem hann taldi, að aðrir farþegar kynnu að vilja neyta úr flöskunni. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð Friðberg neyta úr flöskunni, enda hefði hann þá aldrei falið Friðbergi stjórn bifreiðarinnar. Aðspurður um áfengislykt í bifreiðinni sagðist hann ekki muna eftir því, en það hefði ekki verið óeðlilegt, því að hann minnti að hafa séð í baksýnispegli, að Þóra heitin fengi sér úr flöskunni. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð neitt athugavert við Friðberg, eftir að hann hóf akstur við Blönduós, né hans akstursmáta, enda telur hann, að hann hefði þá ekki látið Friðberg aka lengra. Hann kvaðst sjaldan neyta áfengis og hefði hann ekki neytt áfengis nú í marga mánuði. Að loknum lögmætum undirbúningi vann Sigurbergur drengskaparheit að framburði sínum fyrir sakadómi.

Stefndi Sigurbergur hefur staðfest skýrslur þessar fyrir bæjarþingi Keflavíkur þann 27. september 1973. Var hann þá spurður um sætaskipan í bifreiðinni, þegar hann ók henni frá Bifröst að Blönduósi, og sagði, að kona hans hefði setið við hlið sér í framseti og þau Friðbergur og Þóra heitin í aftursæti bifreiðarinnar, og minnti, að Þóra hefði setið hægra megin í aftursætinu. Aðspurður sagði hann, að ekkert hefði verið um það rætt, hvort Þóra heitin greiddi farið með bifreiðinni.

Lára Leósdóttir, eiginkona Sigurbergs, hefur komið fyrir lög-reglu og gefið skýrslu 11. ágúst sl. Hún skýrði svo frá, að hún hefði séð Friðberg um hádegi föstudaginn 2. júlí og hefði hún þá ekki tekið eftir áfengisáhrifum á honum. Hún kvað það fullvíst, að Friðbergur hefði ekið bifreiðinni frá Keflavík og upp í Borg-arfjörð, þar sem Sigurbergur tók við stjórn bifreiðarinnar. Hún sagði, að lagt hefði verið af stað frá Keflavík rétt fyrir klukkan 1700. Sagði hún, að Sigurbergur hefði ekið bifreiðinni að Blöndu-ósi, en þar hefði Friðbergur tekið við akstri. Aðspurð sagðist hún telja, að akstur Friðbergs í greint sinn hefði verið eðlilegur og ökuhraði hóflegur að dómi hennar. Hún sagði, að ein flaska af áfengi hefði verið í bifreiðinni og sagði, að sig minnti, að Frið-bergur hefði sopið á henni, rétt eftir að Sigurbergur hafði tekið við akstri. Hún kvaðst þó ekki vilja fullyrða neitt um þetta, því hún sagðist muna óljóst eftir þessari ferð. Hún kvaðst hafa sofn-að, rétt eftir að Friðbergur tók við akstrinum, og hefði hún sofið, þegar áreksturinn varð. Skýrslu þessa staðfesti Lára Leósdóttir fyrir sakadómi Keflavíkur þann 13. ágúst 1971.

Vegna framburðar stefnda Friðbergs fyrir sakadómi hlutaðist sakadómari til um, að bifreiðin Ö 1470 væri skoðuð af Bifreiða-eftirliti ríkisins, og segir svo í skýrslu Hafsteins Sölvasonar bif-reiðaeftirlitsmanns, dags. 10. september 1971:

„Við athugun á stýrisbúnaði bifreiðarinnar kom ekkert óeðli-legt fram í stýrisvél, stýrisliðum eða taumum bifreiðarinnar. Virt-ist bifreiðin hafa verið að öllu leyti í lagi fyrir áreksturinn.

Hjólbarðar bifreiðarinnar voru nýlegir, Bridgestone, super speed Radial. Möguleikar eru á því, að bifreiðin hafi verið ókyrr í stýri (rásað), þar sem komið hefur fram, að ekki þola allar gerðir bifreiða Radial gerð hjólbarða á íslensku malarvegum.

Ekki hafa verið tök á að fá samskonar bifreið búna samskonar hjólbörðum til samanburðar áður nefndu“.

Með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 24. maí 1972, var stefndi Friðbergur Þór Leósson fundinn sekur um „að hafa ekið bifreiðinni Ö 1470 undir áhrifum áfengis og of hratt miðað við, að hann var að mæta annarri bifreið á hæðarbungu í rökkri, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem orsakaði umrætt slys, og leiddi til þess, að tveir farþegar létu lífið, en aðrir farþegar slöðust meira og minna svo og bifreiðarstjóri hinnar bifreiðarinnar“, eins og segir í niðurstöðu dómsins.

Stefnandi málsins kom fyrir bæjarþing Keflavíkur þann 28. maí 1973. Stefnandi kvaðst hafa unnið við Þórisvatn á þeim tíma,

sem slysið varð, og hafa verið að heiman $\frac{1}{2}$ mánuð í einu. Stefnandi kvaðst hafa farið heim í öllum leyfum. Hann sagði aðspurður, að ekkert hefði verið rætt um samvistarslit milli hans og Þóru heitinnar, er hann var síðast heima helgina fyrir slysið. Stefnandi kvaðst ekki hafa vitað af ferðalagi því, er Þóra heitin fór í ásamt stefndu Sigurbergi og Friðbergi. Hann sagði aðspurður, að hann hefði verið vinnufélagi Friðbergs við Búrfell og síðan hefði Friðbergur leigt hjá honum og Þóru herbergi, er mætti bjó við Hringbraut í Keflavík. Hann sagði, að Sigurbergur og kona hans hefðu búið í næsta húsi við þau Þóru á Tjarnargötu í Keflavík. Hann kvað Þóru og konu Sigurbergs hafa þekkt og kvaðst sjálfur hafa verið málkunnugur Sigurbergi. Hann sagði, að eftir slysið hefði hann orðið að minnka við sig vinnu og orðið að koma heim um hverja helgi, og kvaðst hann hafa fengið sig fluttan frá Þórisvatni í Hveragerði til þess að eiga hægara með að komast heim. Hann kvaðst hafa ráðið ráðskonur eftir slysið til þess að annast börnin og heimilið, meðan hann væri fjarverandi við vinnu, en þær hefðu orðið að fá frí um helgar og hann því þurft að koma heim. Stefnandi kvaðst hafa haft fjórar ráðskonur, frá því slysið varð og fram til þessa dags. Hann kvaðst hafa greitt ráðskonunum kr. 10.000 á mánuði og frítt fæði og húsnæði. Hann kvaðst síðan í september hafa verið heima sjálfur, vegna þess að hann hefði ekki fengið ráðskonu til þess að annast börnin og heimilið. Hann kvaðst hafa öll börnin fjögur hjá sér og halda heimili fyrir þau. Hann kvað sér hafa verið ómögulegt að fá sér vinnu vegna heimilisástæðna. Hann kvaðst hafa möguleika á að fá sér nú vinnu hér í nágrenninu, þar sem dóttir hans sé nú fermd og búin í skóla, og geti sú vinna staðið fram á haust eða þar til dóttir hans byrji aftur í skóla.

Stefnandi hefur látið Bjarna Þórðarson tryggingafræðing reikna út fjártjón stefnanda og barna hans vegna fráfalls Þóru G. Kristjánsdóttur. Stefnandi hefur lagt fram tvo útreikninga, dags. 2. september 1971 og 17. ágúst 1973. Í bréfi tryggingafræðingsins, dagsettu 2. september 1971, segir svo m. a.:

„Þóra heitin er sögð fædd 8. september 1939 og hefur samkvæmt því verið 31 árs að aldri, er hún lést. Eiginmaður hennar er Guðbjartur Kristinnsson, f. 12. apríl 1937, og börn þeirra eru: Jóhanna, f. 9. des. 1959, Kristinn Þór, f. 21. nóv. 1963, Hafþór, f. 29. apríl 1966 og Guðbjörg, f. 2. febr. 1968.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Guðbjarts árin 1968, 1969 og 1971 og samkvæmt upplýsingum yðar hafði Þóra heitin

engar vinnutekjur árin 1967, 1968 og 1969. Árið 1970 munu vinnutekjur hennar hafa verið kr. 67.673.00 og árið 1971 kr. 3.609.00. Venja er að miða fjártjón ekkju vegna fráfalls eiginmanns við verðmæti helmings áætlaðra tekna hans, þegar frá þeim hefur verið dreginn framfærslueyrir til barna, að frádregnu verðmæti helmings áætlaðra tekna hennar. Sé þessari aðferð beitt við mat á fjártjóni ekkils, sem hefur haft verulega hærri tekjur en eiginkona hans, mundi niðurstaðan gefa til kynna, að ekillinn hafi orðið fyrir fjárhagslegum ávinningi við fráfall eiginkonunnar.

Mér er aðeins kunnugt um einn hæstaréttardóm í hliðstæðu máli (XXVII, bls. 332). Í forsendum dóms undirrættar, sem Hæstiréttur staðfestir, segir: „Sýnt er, að fráfall eiginkonunnar veldur stefnanda fjárhagslegu tjóni. Hann mun hafa tekið sér ráðskonu og búa með henni. Það kaup, sem hann þarf að greiða ráðskonunni, er útgjöld, sem orsakast af fráfalli konunnar. Auk þess munu störf ráðskvenna yfirleitt ekki vera heimilum eins notadryg og störf eiginkvenna, og er eiginmaðurinn þá einnig að því leyti verr settur en áður“.

Ég hefi hér talið rétt að miða útreikning á fjártjóni Guðbjarts við hugsanleg útgjöld vegna ráðskonuhalds. Ég hefi þegar leitað eftir upplýsingum hjá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar um launakjör ráðskvenna á heimilum, en engar upplýsingar voru fyrirleggjandi um þetta atriði. Við útreikninga á örorkutjóni húsmóður er ég vanur að meta húsmóðurstörf á heimili með hjónum og tveimur börnum jafngild fullum launum samkvæmt Iðjutaxta, á heimili með hjónum og einu barni 90% og á heimili með hjónum 75% af þessum launum. Fyrir hvert barn umfram tvö hefi ég bætt 10% við full laun samkvæmt Iðjutaxta.

Við útreikning á verðmæti hugsanlegra útgjalda Guðbjarts vegna ráðskonuhalds hefi ég valið þann kost að hafa hliðsjón af launum samkvæmt Iðjutaxta vegna skorts á upplýsingum um launakjör ráðskvenna. Þá hefi ég klofið verðmætið niður í fimm hluta með tilliti til þess, að útgjöldin fari væntanlega minnkandi, þegar börnin eldast, þ. e. a. s. fyrsti hlutinn svarar til útgjalda vegna Guðbjarts eins, annar hlutinn til útgjalda vegna yngsta barnsins o. s. frv.

Föst mánaðarlaun samkvæmt Iðjutaxta nema nú frá 1. sept. s.l. kr. 16.078.00. Vegna óvissunnar um ráðskonulaun hefi ég lagt til grundvallar ákveðinn hundraðshluta af launum þessum við útreikning verðmætisins, sem síðan er hægt að umreikna hlutfallslega miðað við þau útgjöld, sem eðlileg geta talist. Ég hefi miðað

við, að ráðskonulaun fyrir heimili með einum karlmanni nemi 30% og 40% af Iðjutaxta. Þá er miðað við, að þau hækki um 10% fyrir hvert barn. Annars vegar er miðað við, að útgjöldin lækki, þegar börnin ná 16 ára aldri, en hins vegar þegar þau ná 18 ára aldri.

Reiknast mér verðmæti útgjaldanna vegna ráðskonuhalds fyrir Guðbjart einan nema á slysdegi kr. 699.350.00, þegar miðað er við 30% af Iðjulaunum og kr. 932.480.00, þegar miðað er við 40%.

Verðmæti viðbótarútgjalda vegna ráðskonuhalds, sem nemur 10% af Iðjulaunum, þar til hvert barn nær 16 eða 18 ára aldri, er sýnt í næstu töflu.

	Til 16 ára aldurs.	Til 18 ára aldurs.
Vegna Guðbjargar	kr. 167.696.00	kr. 181.121.00
Vegna Hafþórs	— 145.537.00	— 162.033.00
Vegna Kristins Þórs . . .	— 121.878.00	— 141.605.00
Vegna Jóhönnu	— 73.430.00	— 99.630.00

Við útreikning á fjáртjóni barna Þóru heitinnar vegna fráfalls hennar hefi ég miðað við, að börnin hefðu getað vænst ákveðinnar fjárhæðar árlega frá móður sinni til fulls 16 ára aldurs. Sé gert ráð fyrir, að þessi upphæð sé jafnhá barnalífeyri almannatrygginga, reiknast mér verðmætið nema á slysdegi:

Fyrir Jóhönnu	kr. 136.563.00
Fyrir Kristin Þór	— 227.234.00
Fyrir Hafþór	— 271.513.00
Fyrir Guðbjörgu	— 312.983.00

Ef miðað er við, að börnin hefðu notið framfærslueyris til fulls 17 ára aldurs, reiknast mér verðmæti nema á slysdegi:

Fyrir Jóhönnu	kr. 162.005.00
Fyrir Kristin Þór	— 246.367.00
Fyrir Hafþór	— 287.521.00
Fyrir Guðbjörgu	— 326.018.00

Barnalífeyrir almannatrygginga nemur nú kr. 3.009.00 á mánuði með hverju barni, og öðlast Guðbjartur rétt til hans, og greiðist hann til 17 ára aldurs.

Ef önnur upphæð er lögð til grundvallar en hér hefur verið

gert, má finna verðmætið út frá framangreindum fjárhæðum hlutfallslega.

Við útreikningana eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenskra karla og kvenna samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu“.

Í bréfi tryggingafræðingsins til lögmanns stefnanda 17. ágúst 1973 segir svo m. a.:

„Þér hafið, hr. hæstaréttarlögmaður, óskað eftir, að ég gerði nýja útreikninga í sambandi við fjártjón eiginmanns og barna Þóru G. Kristjánsdóttur, en fyrri útreikningar voru gerðir 2. september 1971.

Eftirfarandi útreikningar eru miðaðir við sömu forsendur og í fyrrgreindum útreikningi, að öðru leyti en því, að tekið er tillit til breytinga, sem orðið hafa á kauplagi og barnalífeyri almanna-trygginga.

Föst mánaðarlaun samkvæmt Iðjutaxta nema nú frá 1. sept nk. kr. 25.834.00. Sé verðmæti útgjaldanna vegna ráðskonuhalds miðað við 30% af Iðjulaunum, reiknast mér verðmæti þess nema á slysdegi:

	Til 16 ára aldurs.	Til 17 ára aldurs.
Fyrir Jóhönnu	kr. 178.854.00	kr. 215.788.00
Fyrir Kristin Þór	— 310.477.00	— 338.251.00
Fyrir Hafþór	— 374.755.00	— 397.992.00
Fyrir Guðbjörgu	— 434.954.00	— 453.876.00

Ef gert er ráð fyrir, að barnalífeyrir almannatrygginga hækki um 6.8% 1. okt. nk., eða jafnmikið og kaup vegna hækkunar á kaupgreiðsluvisitölu, reiknast mér verðmætið nema:

	Til 16 ára aldurs.	Til 17 ára aldurs.
Fyrir Jóhönnu	kr. 184.790.00	kr. 224.234.00
Fyrir Kristin Þór	— 325.362.00	— 355.024.00
Fyrir Hafþór	— 394.010.00	— 418.827.00
Fyrir Guðbjörgu	— 453.302.00	— 478.512.00

Reiknigrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningi“.

Stefnandi byggir endanlega kröfugerð sína á síðari útreikningi tryggingafræðingsins og breytti upphaflegri stefnukröfu sinni í samræmi við það, og mætti sú breyting á kröfugerð ekki andmælum stefndu.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

A. Til Guðbjarts sjálfs:

1. vegna ráðskonuhalds	kr. 1.438.435
2. viðbótarútgjöld vegna ráðskonuhalds til 18 ára aldurs barnanna	— 878.631
3. útfararkostnaður	— 20.000
4. röskun á stöðu og högum	— 200.000

Kr. 2.537.066

B. Til Guðbjargar:

1. missir framfæranda	kr. 478.512
2. röskun á stöðu og högum	— 200.000

Kr. 678.512

C. Til Hafþórs:

1. missir framfæranda	kr. 418.827
2. röskun á stöðu og högum	— 200.000

Kr. 618.827

D. Til Kristins Þórs:

1. missir framfæranda	kr. 355.024
2. röskun á stöðu og högum	— 200.000

Kr. 555.024

E. Til Jóhönnu:

1. missir framfæranda	kr. 224.234
2. röskun á stöðu og högum	— 200.000

Kr. 424.234

Samtals nema bótakröfurnar samkvæmt A–E kr. 4.813.663

Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfur sínar um skaðabætur á hendur stefndu á 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 3. mgr. 70. gr. sömu laga og 67. gr. umferðarlaga. Stefnandi telur, að stefndi Sigurbergur beri sem eigandi og ábyrgðarmaður bifreiðarinnar Ö 1470 ábyrgð vegna slyssins. Hann hafi vitað eða mátt vita, að stefndi Friðbergur hafði neytt áfengis, áður en hann tók við akstri bifreiðarinnar. Stefndi Sigurbergi hafi borið skylda til að athuga það gaumgæfilega, fyrst áfengi var haft um hönd í bifreiðinni, að

sá, er hann fól akstur bifreiðarinnar, væri allsgáður og þessi vanræksla hans ein baki honum ótvírætt fébótaábyrgð á slysinu. Einnig beri stefndi Sigurbergur bótaábyrgð vegna bilunar og galla á bifreiðinni, því greinilegt sé, að hjólbarðar bifreiðarinnar hafi verið gallaðir, og ljóst sé, að hemlar hafi ekki virkað með eðlilegum hætti, þar sem engin hemlaför hafi verið eftir hægri hjól bifreiðarinnar. Stefnandi bendir og á, að öryggisbelti hafi eigi verið notuð, en það verði að telja skyldu hvers góðs og varkárs ökumanns að sjá um, að farþegar í framsæti noti slík öryggisbelti. Stefnandi telur ótvírætt, að stefndi Friðbergur beri sök á slysinu með vítaverðum akstri sínum undir áhrifum áfengis, enda hafi hann verið sakfelldur í sakadómi Keflavíkur fyrir þetta atferli og hafi sá dómur res judicata verkanir fyrir úrlausn þessa máls, sbr. 2. mgr. 197. gr. einkamálalaga. Þar sem stefndi Friðbergur hafi ekið bifreiðinni með vitund og vilja stefnda Sigurbergs, færist sök hans yfir á stefnda Sigurberg og bakar honum fébótaábyrgð. Stefnandi telur ósannað með öllu, að Þóra heitin hafi vitað um ölvunarástand stefnda Friðbergs og neytt áfengis með honum, og sé það atriði óupplýst. Stefnandi telur, að þrátt fyrir það, að þátttaka Þóru í áfengisneyslu Friðbergs væri sönnuð, mundi það ekki leiða til þess, að bótaréttur hennar félli niður, og yrði að meta það til sakar eftir reglum um eigin sök tjónþola. Þar komi þá aðallega til athugunar athafnaleysi Þóru og sé mun erfiðara að meta það til sakar, sbr. Erstatningsret II. del (Vinding Kruse, bls. 411—416). Með athafnaleysi sínu hafi Þóra tekið á sig vissa áhættu, en þegar þriðji aðili orsakar hættu eins og hér, sé hæpið að leggja nokkra ábyrgð á Þóru. Stefnandi bendir og á reglur skaðabótaréttarins um samábyrgð, þegar tjóni er valdið af fleiri en einum aðilja, sem leiði til sömu niðurstöðu í þeim tilvikum, þar sem sá ber alla ábyrgð, sem á meginsök. Stefnandi telur, að hafa verði saknæmisreglu skaðabótaréttarins í huga, þegar hugsanleg sakaraðild Þóru verði brotin til mergjar í máli þessu. Þá bendir stefnandi á, að þótt Þóra kunni að hafa skert bótarétt sinn, skerði það ekki sjálfstæðan bótarétt stefnanda og barna hans, sem eigi beina bótakröfu á hendur stefndu.

Stefnandi byggir kröfu sína gegn stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f á almennum ákvæðum 74 gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 3. mgr. 70. gr. sömu laga, en stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Ö 1470.

Stefnandi kveður bótakröfu sína vera byggða á reglum skaðabótaréttarins um bætur fyrir missi framfærandi og röskun á stöðu

og högum og sé kröfugerðin miðuð við útreikninga Bjarna Þórðarsonar tryggingafræðings, dags. 2. september 1971 og 17. ágúst 1973. Stefnandi kveður það löngu viðurkennt í norrænum rétti, að eiginmaður eigi rétt til dánarbóta eftir konu sína, enda þótt hún hafi ekki unnið utan heimilisins, og beri því stefnanda bætur í þessu máli.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar þannig:

A. 1 og 2. Hann hafi haft verulegan aukakostnað og óþægindi vegna fráfalls eiginkonu, vegna ráðskonuhalds og breytinga á vinnutilhögun og sé kröfugerðin og byggð á útreikningi tryggingafræðingsins.

A. 3. Þeim kostnaði hafi ekki verið mótmælt af stefndu.

A. 4. Stefnandi telur kröfu sína samkvæmt þessum lið mjög hóflega, sé tekið tillit til hinnar gífurlegu röskunar á stöðu og högum hans við fráfall eiginkonunnar.

Liðir B til E í kröfugerð eru kröfur barnanna fyrir missi framfæranda og fyrir röskun á stöðu og högum. Stefnandi telur kröfugerð mjög í hóf stillt, þar sem augljós sé sú röskun á stöðu og högum, sem börnin hafa orðið að þola, og hinn kröfuliðurinn sé byggður á útreikningi tryggingafræðingsins. Stefnandi telur börnin eiga sama rétt til bóta fyrir missi framfæranda, hvort sem það er faðir eða móðir, sem fellur frá. Fjárhæðir vegna missis framfæranda í kröfulið B til E segir stefnandi, að séu samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins, fundnar út frá barnalífeyri almannatrygginga, og sé það eðlilegur grundvöllur. Stefnandi telur og, að við mat á bótafjárhæð verði að taka tillit til þess, að börn njóti oft lengur en til 17 ára aldurs fjárhagslegs stuðnings foreldra sinna, t. d. til skólagöngu. Þá telur stefnandi, að barnalífeyrir sá, sem nú er greiddur með börnunum, verði að skoðast sem tillag til föðurins sjálfs, en eigi ekki að dragast frá sjálfstæðri framfærslukröfu barnanna. Stefnandi telur og, að ekki eigi að lækka bæturnar til hans vegna skattfrelsis bótanna, því þær reglur eigi að vera bótaþega til hagræðis, en ekki bótagreiðanda.

Stefndi Sigurbergur byggir kröfu sína um sýknu á því, að hann hafi ekki vitað um ástand stefnda Friðbergs, er hann fól honum stjórn bifreiðarinnar, og sé því ekki hægt að fella sök á hann eftir almennum skaðabótareglum. Stefndi Sigurbergur telur og útilokað að leggja á sig fébótaábyrgð vegna reglna um ábyrgð eiganda á göllum eða bilun eigin tækja. Hann telur, að ekkert hafi komið fram, sem leiði í ljós nokkra galla eða bilun í tækjum bif-

reiðarinnar, enda liggi fyrir vottorð Bifreiðaeftirlits um það, að bifreiðin hafi verið að öllu leyti í lagi fyrir áreksturinn. Auk þess hafi sakadómur Keflavíkur komist að þeirri niðurstöðu, að ekkert hafi komið fram, sem benti til þess, að um skyndibilun hafi verið að ræða í bifreiðinni, og væri sá dómur bindandi í þessu máli vegna res judicata verkana. Hann bendir og á, að þrátt fyrir hugleiðingar bifreiðaeftirlitsmannsins um, að möguleiki væri á því, að bifreiðin hefði rásað í stýri vegna notkunar svokallaðra Radial hjólbarða, hafi ekkert komið fram, sem bendi til þess, og ekki hafi notkun þessara hjólbarða verið bönnuð né varað við henni, og verði því að telja ósannað með öllu, að notkun slíkra hjólbarða hafi átt sök eða meðsök á árekstrinum. Einnig verði að telja ósannað með öllu, að hemlar hafi verið í ólagi, eins og stefnandi vilji halda fram. Þá benti stefndi og á það, að bifreiðin Ö 1470 var alveg ný, eða um 3½ mánaða gömul. Stefndi Sigurbergur lítur svo á, að þar sem Þóra heitin greiddi ekki far með bifreiðinni Ö 1470 greint sinn, sé ekki hægt að leggja á hann fébótaábyrgð eftir 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Stefndi Friðbergur heldur því fram, að ekki sé hægt að leggja á hann ríkari ábyrgð en eftir almennum skaðabótareglum. Sýknukröfu sína byggir stefndi Friðbergur ekki á því, að hann eigi ekki sök á tjóni því, sem varð af slysinu, enda hafi hann verið fundinn sekur í sakadómi Keflavíkur. Hann byggir sýknukröfu sína á reglunum um accept risiko, eða samþykki áhættu, og niðurfellingarreglunni vegna eigin sakar tjónþola, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Hann telur, að Þór hafi fyrirgert rétti sínum til bóta, hafi hún vitað um áfengisneyslu Friðbergs, og henni hafi borið að láta eiganda bifreiðarinnar vita um ástand Friðbergs. Hann telur fullvíst, að Þóra hafi vitað um áfengisneyslu hans, þar sem þau hafi setið „hlið við hlið og látið flöskuna ganga á milli sín“. Þá styðji það framburð hans, að stefndi Sigurbergur hafi borið það, að sig minnti, að hann sæi Þóru súpa á áfengisflöskunni. Stefndi Friðbergur telur þetta það miklar líkur, að stefnandi yrði að sanna það, að Þóra hefði ekki vitað um áfengisneyslu hans, en slík sönnun sé ekki fyrir hendi. Þar sem telja verði sannað, að Þóru hafi verið kunnugt um áfengisneyslu Friðbergs, sé hún meðábyrg að slysinu samkvæmt reglunni um samþykki áhættu og hafi með því fyrirgert rétti sínum til bóta úr hendi stefnda Friðbergi. Stefndi telur, að þar sem Þóra eigi engan bótarétt á hendur stefndu, þá eigi stefnendur þessa máls engan bótarétt, þar sem það sé viðurkennd regla í íslenskum rétti, að þeir, sem krefjast

dánarbóta, eigi ekki ríkari rétt en sá, er þeir vilja leiða rétt sinn af.

Stefndu kveða Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f bera aðeins ábyrgð sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Ö 1470 og beri því að sýkna félagið, sbr. það, sem rakið hefur verið um sýknukröfu meðstefndu. Af hálfu félagsins er bent á, að aldrei væri hægt að dæma félagið til greiðslu hærri bóta en nemur vátryggingarupphæðinni, kr. 3.000.000, og af þeirri fjárhæð væri þegar búið að greiða vegna bifreiðarinnar Ö 1470 öikumanni og eiganda bifreiðarinnar R 1304 kr. 189.110 og að tryggingarfélag R 1304 hafi greitt kr. 234.000 vegna kaskotryggingar R 1304 og muni þeirri kröfu verða beint gegn félaginu að öllum líkindum, og svo hafi félaginu borist krafa frá Sjúkrasamlagi Keflavíkur að fjárhæð kr. 65.969.

Varakrafa stefndu byggist á 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga og styðst við vitneskju Þóru um ástand stefnda Friðbergs.

Af hálfu stefndu var niðurstöðum tryggingafræðingsins mótmælt sem röngum og of háum og því haldið fram, að þær væru ekki raunhæfur bótagrundvöllur í máli þessu. Stefndu telja, að krafan í heild sé of há og órökstudd. Alla vega verði í samræmi við dómvenju að lækka mjög allar tölur frá niðurstöðum líkindareikningsins og hafa hliðsjón af skattfrelsi, hagræði af eingreiðslu og þeim óvissu þáttum og forsendum, sem tryggingafræðingurinn byggir á. Þá er kröfu stefnanda um bætur fyrir röskun á stöðu og högum mótmælt af stefndu sem of hárrí og í ósamræmi við dómvenju í dánarbótamálum.

Stefndu mótmæltu kröfum um bætur til fjögurra barna stefnanda og Þóru fyrir missi framfæranda og fyrir röskun á stöðu og högum og töldu þær of háar og ekki nægilega rökstuddar. Stefndu halda því og fram, að börnin eigi ekki sjálf kröfu um bætur fyrir missi framfæranda, þar sem þau eigi áfram framfærslukröfu á föður sinn, sem þau áttu áður á hendur föður og móður. Hins vegar kynni faðirinn að eiga bótakröfu vegna aukinnar framfærslubyrði, en slík krafa sé ekki gerð í máli þessu.

Niðurstaða.

Telja verður ljóst með tilliti til niðurstöðu sakadóms Keflavíkur, að ekkert hafi komið fram, sem bendi til þess, að skyndibilun hafi orðið í stjórnækjum bifreiðarinnar Ö 1470 greint sinn. Bifreiðin Ö 1470 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni eftir slysið, og lét bifreiðaeftirlitsmaðurinn það álit í ljós, að bifreiðin hafi virst

vera að öllu leyti í lagi fyrir áreksturinn. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styður þá fullyrðingu stefnanda, að hemlar bifreiðarinnar hafi verið ófullkomnir. Stefndi Sigurbergur bar sem vitni í sakadómi Keflavíkur, að hann hefði ekki vitað um áfengisneyslu Friðbergs né tekið eftir neinu athugasaverðu við hann, áður en hann fól honum stjórn bifreiðarinnar. Að þessum framburði vann Sigurbergur drengskaparheit. Leggja verður þennan framburð Sigurbergs til grundvallar, þar sem ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem mælir honum gegn. Upplýst er, að Þóra G. Kristjánsdóttir greiddi ekki far sitt með bifreiðinni Ö 1470.

Samkvæmt framanrituðu ber stefndi Sigurbergur hvorki hlutlæga né óhlutlæga ábyrgð á slysinu og því tjóni, sem af því hlaut, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi Friðbergur hefur verið dæmdur í sakadómi Keflavíkur fyrir að aka bifreiðinni Ö 1470 undir áhrifum áfengis og of hratt, miðað við aðstæður, og með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem orsakaði slysið. Sök stefnda Friðbergs er því fyllilega sönnuð í máli þessu. Kemur þá til álita, hvort Þóra heitin hafi á einhvern hátt með athöfn sinni eða athafnaleysi fyrirgert rétti sínum til bóta. Framburður Friðbergs fyrir lögreglu, í sakadómi og í bæjarþingi Keflavíkur er mjög á einn veg varðandi áfengisneyslu hans sjálfs og Þóru heitinnar. Hann kveður þau hafa setið hlið við hlið í aftursæti bifreiðarinnar og látið flöskuna ganga á milli sín og hafi þau bæði neytt af áfenginu álíka magns. Þessi framburður Friðbergs er studdur vætti stefnda Sigurbergs. Dómurinn lítur svo á, að sannað sé, að Þóra heitin hafi mátt vita, að stefndi Friðbergur var undir áhrifum áfengis, er hann tók við akstri bifreiðarinnar. Bar henni því að tilkynna eiganda bifreiðarinnar um ástand Friðbergs. Þar sem hún gerði engar athugasemdir við það, að Friðbergur æki bifreiðinni, og lét það viðgangast, tók hún með því á sig áhættu og hefur með því fyrirgert rétti sínum til bóta úr hendi stefnda Friðbergs. Stefndandi, sem leiðir bótakröfu sína af hugsanlegum bótarétti Þóru, getur ekki átt ríkari rétt en sá, sem hann hugðist leiða rétt sinn af. Ber því að sýkna stefnda Friðberg af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Ö 1470 er því sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnendur hafa haft kostnað af máli þessu samkvæmt fram-
lögðum reikningum, kr. 7.700, auk réttargjalda, eða samtals kr.
10.000.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda fyrir héraðs-
dómi, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans, ákveðast kr.
30.000 með tilliti til gjafsóknarleyfis stefnanda. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, samtals kr. 40.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kvað upp Jón Eysteinnsson.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurbergur Baldursson, Friðbergur Þór Leósson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðbjarts Kristinssonar, fyrir sjálfan sig og ófjárráða börn sín, Guðbjörgu, Hafþór, Kristín og Jóhönnu, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans, samtals kr. 40.000, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 20. desember 1976.

Nr. 98/1975. **Jón Magnússon**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Herði Helgasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einasson og Þór Vilhjálmsson.

Verðtrygging. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur afrýjað máli þessu með stefnu 30. júlí 1975. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum víxilskuld að fjárhæð 164.40 sterlingspund ásamt 1½%